



Alþingi
Erindi nr. P 131/1436

komudagur 20.4.2005
Reykjavík, 19. apríl 2005

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 73/2001 um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum, 698. mál 131. löggjafarþings

Í bréfi dagsettu 7. apríl 2005 er óskað umsagnar Óliudreifingar ehf. á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi og þakkar félagið fyrir að fá að koma sínum sjónarmiðum að við þetta mikilvæga mál.

Frumvarp þetta er frumvarp til breytinga á rammalöggjöf, þar sem samgönguráðuneyti er í raun falið að ákvarða raunverulegt efnisinnihald málaflokksins með reglugerðasetningu. Í almennum athugasemdum með upphaflega frumvarpinu var nefnt að það gildi ekki um flutninga á hættulegum varningi, en þess var hvergi getið í lögnum. Er verið að lögfesta þá breytingu að allir farmflutningar falli undir lögin og er gott að það sé skýrt.

Eins og bent var á í umsögn félagsins um frumvarpið á sínum tíma var um að ræða íþyngjandi og afar mismunandi lagasetningu fyrir félagið, þar sem Óliudreifing ehf á ekki það eldsneyti sem félagið dreifir fyrir móðurfélög sín né þá mjólk sem það safnar og er því ekki að flytja það í eigin þágu, skv 4. gr og er félagið því t.d. eina eldsneytisdreifingarfyrtækið sem lögin ná yfir, sem er afar óréttlát mismunun milli aðila, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess frjálsræðis sem ráðherra er gefið í reglugerðasetningu. Er það félaginu til efs að slíkt standist jafnræðisreglur.

Til að jafnræðis milli aðila sé gætt er því lagt til að lögin nái jafnt til flutningsaðila sem eiga farminn sem þeirra sem eiga hann ekki, enda getur ekki verið eðlilegt að gerðar séu mismunandi kröfur til aðila eftir því hvaða rekstrarform er haft á flutningunum, ef farmflutningar eiga yfirhöfuð að vera með í þessari lagasetningu.

Í 16. grein er Samgönguráðherra gefin heimild til að setja reglugerðir um skipulag á vöruflutningum með ökutækjum vegna skuldbindinga er leiðir af samningum um EES. Ekki eru gefnar neinar frekari skýringar eða takmarkanir á þessu ákvæði sem gefa ráðherra óskilgreint vald til að setja reglur um skipulag flutninga á landi hjá þeim aðilum sem lögin ná yfir. Varað er við því að slík heimild sé gefin, þar sem það hefur þá hættu í för með sér að slíku valdi sé beitt ógætilega, sérstaklega þar sem lögin samkvæmt frumvarpinu á ekki að ná yfir öll fyrirtæki sem stunda samskonar flutninga.

Færa má rök fyrir því að eðlilegt væri að eitt stjórnvald hefði yfirsýn yfir hvaða aðilar stunda hvers konar flutningastarfsemi, og þá hvort sem þeir séu eigendur farmsins

Óliudreifing ehf

Pósthólf 4230 · 128 Reykjavík · Sími 550 9900 · Fax 550 9999

eður ei, en spyrja má hvort eðlilegt megi teljast að enn eitt stjórnvaldið sé kallað til og enn ein lögin sett, þar sem fyrir eru m.a. Félagsmálaráðuneytið, sem fagráðuneyti Vinnueftirlits Ríkisins, sem fer með eftirlit með búnaði til flutnings á hættulegum farni og sér um fræðslu honum tengdum; Dómsmálaráðuneytið, sem fagráðuneyti Lögreglu sem fer með eftirlit á vegum og fagráðuneyti Skráningarstofunnar sem fer með eftirlit með ökutækjum og setur það ráðuneyti einnig reglur um gerð og búnað ökutækja; Umhverfisráðuneyti sem hefur aðkomu að málinu í gegnum Umhverfisstofnun sem hefur eftirlit með mengunarpætti flutninganna. Benda mætti á Dómsmálaráðuneytið og Skráningarstofuna í því sambandi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að eftirlitsskylda Vegagerðarinnar sé lögð niður, en þess í stað sé settur upp klöguferill, þar sem hverjum aðila á markaðnum er lögð sú skylda á herðar að hnusa í hins koppi. Meira að segja án þess að honum sé tryggð nafnleynd ef hann skyldi þora að klaga. Þetta kemur óhjákvæmilega til með að valda því að samkennd manna eða hræðsa við afleiðingar af slíkum klögum leggi þagnarskjöld um hugsanleg brot.

Þessi skipan eftirlitsins getur ekki kunnað góðri lukku að stýra og gengur gegn allri eðlilegri stjórnsýslu og má segja að verið sé að fara allt aftur til þjóðveldisins þar sem lögum var framfylgt af borgurinum sjálfum, ekki ríkisvaldinu.

Með þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á lögnum er aðilum er gert auðvelt að komast undan ákvæðum laganna. Sérstaklega þar sem aðilar missa ekki leyfið fyrr en að loknu löngu ferli, mega halda áfram verki leyfislausir og klára þau, bara að umsókn um leyfi liggi inni, óháð því hvort hún sé líkleg til að vera hafnað eða samþykkt. Þannig hafa menn hafa rúman og góðan tíma til að hlaupa á milli kennitalna á meðan og halda áfram rekstri óhindrað eða að ljúka sínum verkum og fá fulla greiðslu fyrir.

Eins og áður hefur verið nefnt, er afar erfitt að sjá að frumvarpið og lögin geti þjónað tilgangi sínum, sem reyndar er óskilgreindur í lögnum, hvað varðar farmflutninga og er lagst gegn því að gerðar séu mismunandi kröfur á þá aðila sem stunda sambærilegan rekstur og lagt til að sett verði sérstök heildarlöggjöf um farmflutninga ef ástæða þykir til slíkrar lagasetningar.

Virðingarfyllst
f.h. Ólíudreifingar ehf.,



Gestur Guðjónsson
Umhverfis- og öryggisfulltrúi